

## Rekstrarreikningur 1. janúar - 30. september 2024

	1/1 - 30/9 2024	1/1 - 30/9 2023
<b>Rekstrartekjur</b>		
Þjónustutekjur .....	6.112.104.963	4.937.232.352
Endurvinnsluafurðir .....	0	0
Endurvinnslustöðvar .....	0	0
Útseld þjónusta .....	0	0
Aðrar tekjur .....	0	0
Nytjamarkaður .....	0	0
Vinna milli deilda - eigin not .....	0	0
Útleiga á húsnæði .....	0	0
Aðrar tekjur .....	309.230.881	21.295.905
	6.421.335.844	4.958.528.257
 <b>Rekstrargjöld</b>		
Meðhöndlun úrgangs .....		0
Laun og launatengd gjöld .....	1.799.302.476	1.593.542.349
Rekstrarkostnaður .....	3.802.296.731	2.661.321.793
	5.601.599.207	4.254.864.142
<b>Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir</b>	819.736.637	703.664.115
 Afskriftir .....	314.497.733	383.882.811
	5.916.096.940	4.638.746.953
<b>Rekstrarhagnaður</b>	505.238.904	319.781.304
 <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>		
Fjármunatekjur og -gjöld .....	(200.275.648)	(193.713.464)
Vaxtagjöld .....	0	0
Gengismunur .....	0	0
Hagnaður (tap) af eignarhlutum og verðbr .....	0	0
Áhrif dótturfélaga .....	989.867	0
	(199.285.781)	(193.713.464)
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	305.953.123	126.067.840

Tekjuskattur .....	0	0
--------------------	---	---

<b>Hagnaður af áframhaldandi starfsemi</b>	<b>305.953.123</b>	<b>126.067.840</b>
--	--------------------	--------------------

**Aflögð starfsemi**

Hagnaður eða tap af aflagðri starfsemi .....	0	0
--	---	---

<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>305.953.123</b>	<b>126.067.840</b>
-----------------------------	--------------------	--------------------

---

# Efnahagsreikningur

1/1 - 30/9

## Eignir

	2024	2023
<b>Fastafjármunir</b>		
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir</b>		
Fasteignir .....	6.408.161.181	6.413.028.038
Áhöld og tæki .....	1.764.235.739	1.586.640.398
<b>Varanlegir rekstrarfjárm. samt.</b>	<b>8.172.396.920</b>	<b>7.999.668.436</b>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>		
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	29.941.561	20.047.959
Bundnar bankainnstæður .....	157.641.854	146.976.729
<b>Áhættufjárm. og langtímakr. samt.</b>	<b>187.583.415</b>	<b>167.024.688</b>
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>8.359.980.335</b>	<b>8.166.693.124</b>
<b>Veltufjármunir</b>		
Birgðir .....	0	0
Viðskiptakröfur .....	414.495.364	735.131.539
Kröfur á tengda aðila .....	383.234.622	181.719.423
Aðrar skammtímakröfur .....	142.731	61.187
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	0	0
Verðbréfaeign .....	0	0
Handbært fé .....	705.427.824	571.746.445
Eignir í sölumeðferð .....	0	0
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>1.503.300.541</b>	<b>1.488.658.594</b>

Eignir samtals 9.863.280.876 9.655.351.718

---

---

	1/1 - 30/9	1/1 - 30/9
Eigið fé og skuldir	2024	2024
<b>Eigið fé</b>		
Stofnfé .....	1.886.962.568	1.886.962.568
Yfirverðsreikningur .....	0	0
Lögbundinn varasjóður .....	0	0
Aðrir eiginfjárreikningar .....	0	0
Óráðstafað eigið fé .....	4.193.538.282	3.922.829.027
	6.080.500.850	5.809.791.595
Hlutdeild minnihluta .....	0	0
<b>Eigið fé samtals</b>	6.080.500.850	5.809.791.595

## Skuldir

### Skuldbindingar

Skuldb. v/ábyrgðar á urðunarstað .....	159.597.536	149.594.458
Skuldb. v/endurvinnslustöðva .....	328.823.085	335.076.889
Tekjuskattsskuldbinding .....	0	0
Aðrar skuldbindingar .....	0	0
<b>Skuldbindingar samtals</b>	488.420.621	484.671.347

### Langtímalán

Skuldir við lánastofnanir .....	1.999.803.681	2.122.258.102
Aðrar langtímaskuldir .....	0	0
Tekjuskattsskuldbinding .....	0	0
<b>Langtímalán samtals</b>	1.999.803.681	2.122.258.102

**Langtímaskuldir samtals** 2.488.224.302 2.606.929.449

## Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir .....	601.716.341	580.441.546
Skuldir við tengda aðila .....	83.447.447	28.071.892
Ýmsar skammtímaskuldir .....	399.699.397	401.998.657

Skammtíma bankalán .....	0	0
Næsta árs afb. langtímaskulda .....	209.692.539	228.118.579
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>1.294.555.724</b>	<b>1.238.630.674</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>3.782.780.026</b>	<b>3.845.560.123</b>

**Eigið fé og skuldir samtals** 9.863.280.876 9.655.351.718













**Frá:** Jóni Viggó Gunnarssyni, framkvæmdastjóra SORPU bs.

**Til:** Stjórnar SORPU bs

**Efni:** Samstarf um rekstur urðunarstaðar

3. desember 2024

## Samstarf um rekstur urðunarstaðar

Á fyrsta árshelmingi þessa árs dróst urðun í Álfsnesi saman um tæp 89% miðað við sama tímabil í fyrra. Söfnun á matarleifum og meðhöndlun í GAJU, bann við urðun á lífrænum úrgangi á urðunarstað SORPU í Álfsnesi, og útflutningur á blönduðum úrgangi til orkuvinnslu hafa leitt af sér miklar breytingar á magni sem fer til urðunar.

Í samkomulagi eigenda SORPU árið 2023 varðandi urðunarstaðinn í Álfsnesi, er tilgreint að eitt af þeim skilyrðum sem þar eru til áframhaldandi nýtingar á urðunarstaðnum til ársins 2030, að leitað skuli að nýjum urðunarstað fyrir úrgang sem hentar ekki í brennslu eða orkuvinnslu, og leita markvisst leiða til að draga úr urðun úrgangs í Álfsnesi.

Undanfarin tvö ár hafa átt sér stað samtöl við sveitarstjórnarmenn í sveitarfélögum í nágrenni við höfuðborgarsvæðið, allt frá Hvalfjarðarsveit til Rangárvallasýslu. Enginn hefur ljáð máls á að taka upp viðræður um að byggja nýjan urðunarstað.

Það stefnir í að magn í urðun í Álfsnesi verði 5-6.000 tonn árið 2024. Þetta er gríðarlega mikil minnkun á magni frá 2023. Þessi magnminnkun gefur möguleika á að ræða við þá urðunarstaði sem þegar eru í notkun varðandi hvort þeir sameiginlega geti tekið við því magni sem urða þarf núna í Álfsnesi. Hluti af slíku samkomulagi getur verið að SORPA taki til vinnslu/útflutnings eitthvað af úrgangi frá öðrum sorpsamlögum.

Það eru nú þegar í notkun þrjú urðunarstaðir fyrir úrgang á Vestur- og Suðurlandi. Sá stærsti er í Fíflholti á Mýrum, með starfsleyfi til urðunar á 25.000 tonnum á ári, og nú þegar er í virkni skiptisamningur um úrgang á milli Sorpurðunar Vesturlands og SORPU. Vesturland sendir lífrænan heimilisúrgang til vinnslu í GAJA og SORPA hefur á móti möguleika á að senda um 1.500 tonn af ýmsum úrgangi til urðunar í Fíflholti.

Á Strönd í Rangárvallasýslu er urðunarstaður sem aðallega er notaður fyrir Rangárvallasýslu en einnig að hluta fyrir Árnessýslu. Þessi urðunarstaður hefur ekki stórt starfsleyfi, 2.500 tonn á ári af óvirkum úrgangi og 800 tonn af lífrænum úrgangi. Þar er landrými til staðar ef áhugi er á að fá stækkun á starfsleyfi.

Á Skógarsandi er urðunarstaðurinn Hula. Eigendur eru Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Sveitarfélögin eru að undirbúa starfsleyfisumsókn um stækkun þessa urðunarstaðar. Starfsleyfið er núna fyrir 400 tonn á ári en svæðið þolir mun meiri urðun. Með meira magni í urðun er einnig auðveldara að reka urðunarstaðinn með starfsmönnum og góðri aðstöðu.

Það er ekki auðvelt að fá land undir nýjan urðunarstað og til að geta staðið við þær skuldbindingar sem búið er að setja á blað og undirrita varðandi Álfsnes, þá geta samningar við aðra urðunarstaði mögulega verið stór hluti af þeirri lausn.

Virðingarfyllst,

Jón Viggó Gunnarsson  
framkvæmdastjóri SORPU bs.

# Fundargerð starfskjaranefndar Sorpu. nr. 1

Þriðjudaginn 20. nóvember 2024 haldinn fundur í starfskjaranefnd Sorpu Fundurinn var haldinn að Tjarnagötu 12, kl: 13:00.

Á fundinn mættu: Valdimar Svavarson, Drífa Sigurðardóttir og Árelía Eydís Guðmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Árelía Eydís Guðmundsdóttir, formaður nefndarinnar stýrði fundi.

## Dagskrá fundar:

- Starfsáætlun um framkvæmd verkefna á starfsárinu.
- Önnur mál

## Niðurstöður og umræður fundar:

### 1) Starfsáætlun um framkvæmd verkefna á starfsárinu.

Helstu verkefni sem þarf að skoða á starfsárinu:

- Skoða starfskjaranefnd Reykjavíkurborgar til samræmingar.
  - Endurskoða starfskjarastefnu félagsins.
  - Gera tillögu til stjórnar um viðmið og ramma fyrir laun, hlunnindi og önnur starfskjör stjórnar, framkvæmdarstjóra og aðra þá starfsmenn er heyra beint undir stjórn.
  - Laun lykilstarfsmanna og stjórnenda.
  - Jafnlaunavottun.
  - Skoða þróun kjara- og mannauðsmála, þá sérstaklega með tilliti til samræmingar.
  - Meta áhættu sem starfskjaramál kunna að skapa fyrir félagið.
  - Framkvæma mat á störfum nefndarinnar og starfsreglum nefndarinnar.
  - Kalla eftir launaþróun hjá stjórnendum og framkvæmdarstjóra síðustu fimm ár.
  - Kalla eftir gögnum frá Strætó og Orkuveitunni og af almennum markaði. Launakannanir o.fl.
  - Óska eftir upplýsingum um bilið milli (milli laga starfsmanna/stjórnenda). Án nafna – skoða frávikin.
  - Þróun í launahækkun hjá fyrirtækinu í heild.

### 2) Önnur mál.

- Nefndin ræddi jafnlaunavottun og vill sjá niðurstöður hennar fyrir Sorpu.

- Ákveðið að kalla eftir yfirliti yfir launakjör og samsetningu launa, yfirvinna, óunnið o.fl., og hlunnindi.
- Senda hlutverk starfskjaranefndar Sorpu.
- Ákveðið að fá Jón Viggó framkvæmdarstjóra til að fara yfir ofangreind mál þegar þau liggja fyrir.
- Næsti fundur boður 12.12.2024.

Ekki var annað rætt.

Starfskjaranefndarfundi var slitið kl. 13:45.

---

Árelía Eydís Guðmundsdóttir  
formaður starfskjaranefndar

---

Valdimar Svavarsson

---

Drífa Sigurðardóttir